

Sérkjarasamningur milli VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna og SA vegna Ícelandair um kaup og kjör starfsfólks sem vinnur vaktavinnu í farþegaafgreiðslu og þjónustu í innanlandsflugi

Fjarfundur 11.4.2024

VR og SA undirrituðu kjarasamning dagsettan 13. mars 2024 sem gildir til 31. janúar 2028. Markmið samningsins er að auka kaupmátt launafólks með því að stuðla að **minnkun verðbólgu og lækkun vaxta**.

Í þessari kynningu verður farið yfir helstu samningsatriði:

- Sérkjarasamingur
- Desember- og orlofsuppbót
- Orlof
- Kauptaxtauki og framleiðniauki
- Tilfærslukerfi stjórnvalda
- Önnur mál (starfstengd námskeið, fjarvinna, trúnaðarmenn, o.fl.)
- Forsenduákvæði

1.gr. Gildistími.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við sérkjarasamning aðila og gildir frá 1 febrúar 2024 til 1 febrúar 2028.

2.gr. Laun

Hækkun kauptaxta:

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. febrúar 2024.

	1. febrúar 2024	1. janúar 2025	1. janúar 2026	1. janúar 2027
Grunnlaun	468.519	493.641	518.710	543.728
Eftir 1 ár í starfi	478.696	504.385	530.021	555.607
Eftir 3 ár í starfi	485.831	512.918	540.004	567.091
Eftir 5 ár í starfi	500.350	524.100	547.850	571.600
Eftir 7 ár í starfi	515.033	538.783	562.533	586.283
Tankari eftir 7 ár í starfi	541.942	565.692	589.442	613.192
Þjónustustjórar - grunnlaun	549.973	573.723	597.473	621.223

Fjárhæð bílapeninga hækkar frá 1. febrúar 2024 og verður kr. 3.590,-

9. gr. Skópeningar breytist og verður eftirfarandi:

Fastráðið flugþjónustufólk sem klæðist einkennisfatnaði fær greidda skópeninga 1. október ár hvert.

Upphæð skópeninga þann 1. febrúar 2024 er **kr. 52.692,-** Fjárhæðin tekur breytingum 1. október ár hvert í samræmi við breytingar á skólið (032) í vísitölu neysluverðs grunnur 2008=100, m.v. vísitölu ágústmánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (180,2 stig) í febrúar 2024

Bókun.

Verði á samningstímanum tekið upp almennt kaupaukakerfi hjá Icelandair ehf. sem byggist á öðrum þáttum en OPT kaupaukakerfi þessa sérkjarasamnings þá getur hvor aðila óskað viðræðuna um breytingar á kaupaukakerfi samningsins.

Reykjavík 5. apríl 2024

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2024 106.000 kr.
- Á árinu 2025 110.000 kr.
- Á árinu 2026 114.000 kr.
- Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót 58.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót 60.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót 62.000 kr.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót 64.000 kr.

Aukinn orlofsréttur



Frá og með **1. maí 2024** verður orlofsréttur sem segir (vegna orlofs sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025):

- Starfsmaður sem starfað hefur í 6 mánuði hjá sama fyrirtæki og náð hefur 22 ára aldri eða í 6 mánuði hjá sama fyrirtæki eftir framhaldsskólapróf skal eiga rétt á orlofi í **25 daga**.
- Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa **25 daga orlof**.
- Eftir 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa **27 daga orlof**.
- Eftir 7 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa **30 daga orlof**.
- Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir tveggja ára starf hjá nýju fyrirtæki.

Aukinn orlofsréttur



Frá og með **1. maí 2025** verður orlofsréttur sem segir (vegna orlofs sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026):

- Starfsmaður sem starfað hefur í 6 mánuði hjá sama fyrirtæki og náð hefur 22 ára aldri eða í 6 mánuði hjá sama fyrirtæki eftir framhaldsskólapróf skal eiga rétt á orlofi í **25 daga** (óbreytt frá 2024).
- Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa **26 daga orlof**.
- Eftir 4 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa **28 daga orlof**.
- Eftir 6 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa **30 daga orlof**.
- Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir tveggja ára starf hjá nýju fyrirtæki (óbreytt frá 2024).

Framleiðniauki og kauptaxtauki

- Til viðbótar við almennar launahækkunir, hækkun desember- og orlofsuppbóta, og útvíkkun orlofsréttar, var samið um **framleiðniauka** og **kauptaxtauka**.
 - **Framleiðniauki** er viðbótarhækkun launa sem kemur til greiðslu á samningstímanum, ef framleiðni eykst umfram 2% á árunum 2025 og 2026. Þetta tryggir launafólki hlutdeild í verðmætækningu.
 - Launa- og forsendunefnd skal í mars 2025, 2026 og 2027 úrskurða um **kauptaxtauka**, sýni launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað að laun hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta. Kauptaxtaukinn reiknast sem fullt hlutfall umframhækkunar þeirrar vísitölu samanborið við lægstu taxta.
 - Komi samhliða til greiðslu framleiðniauki og kauptaxtauki skulu lágmarkskauptaxtar taka þeim auka sem hærra er hverju sinni.

Aðgerðir og tilfærslukerfi stjórnvalda



Ríkisstjórn Íslands hefur í tengslum við undirritun kjarasamninga kynnt aðgerðarpakka upp á 80 ma.kr. sem styður við markmið um aukinn kaupmátt launafólks.

Aðgerðir stjórnvalda kveða meðal annars á um:

- Hækkun barnabóta.
- Hækkun húsnæðisbóta.
- Vaxtastuðning.
- Afturhald í hækkunum á opinberum gjaldskrá.
- Hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi um 50% fyrir 1. janúar 2026.
- Loforð um að vinna að því að brúa umönnunarbilið.
- Gjaldfrjálsar skólamáltíðir.
- Byggingu 4000 íbúða á samningstímanum með stofnframlögum og hlutdeildarlánum frá ríkinu.

- Sérstakur kafli um **fjarvinnu** er nú hluti af kjarasamningi sem skilgreinir betur hvað felst í slíku vinnufyrirkomulagi og kveður á um að gera skal skriflegt samkomulag um reglubundna fjarvinnu. Fjarvinnusamkomulag skal m.a. kveða á um hvernig atvinnurekandi bætir eða greiðir beinan kostnað sem stafar af fjarvinnu og sér starfskrafti fyrir viðeigandi tæknilegri aðstoð.
- Starfsfólk hefur nú rétt til þess að verja allt að **16 dagvinnustundum á ári** til setu á **fagtengdum námskeiðum**, án skerðingar launa.

- Nú verður heimilt að kjósa **þrjá trúnaðarmenn** innan fyrirtækis ef fjöldi félagsfólks er meiri en 120 á sömu starfsstöð. Trúnaðarmenn fá einnig aukinn rétt til að sækja námskeið án skerðingar launa.
- Bókun í kjarasamningi kveður á um mikilvægi þess að starfsfólk nái að **aftengjast** utan skilgreinds vinnutíma, til þess að stuðla að heilsusamlegu vinnuumhverfi. Atvinnurekendur og starfsfólk skuli koma sér saman um eðlileg viðmið.

- Til að styrkja markmið kjarasamninga skal sérstök launa- og forsendunefnd taka til starfa, skipuð fulltrúum SA og fulltrúum tilnefndum af samninganefndum þeirra aðildarfélaga ASÍ sem að sameiginlegum samningsforsendum standa.
- Verkefni nefndarinnar er að fylgjast með framvindu þeirra þátta í efnahagslífinu sem áhrif geta haft á markmið samningsins, leggja formlegt mat á forsendur kjarasamningsins og eftir atvikum semja um viðbrögð við forsendubresti.

Takk fyrir

Fjarfundur 11.4.2024